



Hvalfjarðarsveit, 5. apríl 2019

Hróar ehf.
Stefán G. Ármannsson
Skipanesi
301 Akranes
netf: stefan@hroar.is

Meðfylgjandi er tillaga að endurnýjuðu starfsleyfi fyrir Hróar ehf., búvélaverkstæði og vélsmiðju, sem starfrækt hefur verið í Skipanesi frá árinu 2002 undir þessu nafni.

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands (HeV) gefur út starfsleyfið sem byggir á lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Starfsleyfið byggir á innsendri umsókn og greinargerð sem umsækjandi sendi inn með umsókninni.

Fyrirtækið flokkar úrgang s.s. járn, dekk, timbur og spilliefni.

Á staðnum er geymir fyrir úrgangsolíu sem losaður er reglulega.

Niðurföll eru tengd rotþró á staðnum en olíumottur eru á staðnum til að setja yfir niðurföll ef mengunar verður vart.

Í samræmi við reglugerðina ber að auglýsa tillögu að starfsleyfi og skal almenningi og stofnunum gefnar minnst 4 vikur til að gera athugasemdir við starfsleyfið.

Athugasemdir skal gera innan 4 vikna frá dagsetningu þessa bréfs. Þá skal bent á að útgáfu starfsleyfis er hægt að kæra til sérstakrar úrskurðarnefndar um umhverfis- og auðlindamál.

Virðingarfyllst,

framkv.stj. heilbrigðiseftirlits

Fylgiskjal:

Tillaga að starfsleyfi með starfsleyfisskilyrðum.



Starfsleyfi

búvélaverkstæði - vélsmiðja

Nafn fyrirtækis: Hróar ehf.

Heimilisfang: Skipanes

Kennitala: 480302-3030

Póstnúmer: 301 Akranes

Sími/fax: 8975194

Netfang: stefan@hroar.is

Nafn forsvarsmanns: Stefán G. Ármannsson

Útgáfudagur leyfis: 5. apríl 2019

Gildir til: 5. apríl 2031

1. Almenn atriði

Fyrirtækið skal hlíta ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, reglugerðar um meðhöndlun úrgangs nr. 737/2003, reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Einnig ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina gilda á hverjum tíma og skilyrðum á fylgiskjali með leyfi þessu.

Fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á húsnæði eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Vesturlands þannig að hægt sé að meta hvort sækja beri um nýtt eða breytt starfsleyfi.

Ef fyrirtækið flytur eða eigandaskipti verða, fellur starfsleyfið úr gildi.

Um starfsumhverfi og öryggi starfsmanna fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa leyfinu hvenær sem opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfið skal endurskoðað að jafnaði á 4 ára fresti.

2. Gjaldskylda

Fyrirtækið skal árlega greiða eftirlitsgjald í samræmi við gildandi gjaldskrá þar um. Gjald þetta skal standa undir kostnaði við reglubundið eftirlit Heilbrigðiseftirlits Vesturlands, þar með talinni starfsleyfisvinnslu. Gjöld má innheimta með fjárnámi. Gjöld skulu tryggð með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign tvö ár eftir gjalddaga þegar leyfi eða þjónusta er tengd notkun fasteignar.

Leyfið er útgefið samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 og reglugerðar nr. 550/2018.

Hvalfjarðarsveit, 5. apríl 2019

Fylgiskjal

með starfsleyfi vélaverkstæðis

1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

- 1.1 Heilbrigðisnefnd Vesturlands veitir fyrirtækinu Hróari ehf., kt. 480302-3030, endurnýjað starfsleyfi fyrir búvélaverkstæði- og vélsmiðju í Skipanesi, Hvalfjarðarsveit. Forsvarsmaður er Stefán G. Ármannsson.
- 1.2 Starfsleyfisskilyrðin ná til ofangreindrar starfsemi enda sé hún í samræmi við samþykktu notkun fasteignar og gildandi skipulag. Heilbrigðisnefnd setur ítarlegri skilyrði ef aðstæður krefja.
- 1.3 Ef fyrirtækið er með annan starfsleyfisskyldan rekstur gilda um hann viðeigandi starfsleyfisskilyrði.

2. ÁSÝND LÓÐAR OG LÓÐARMÖRK

- 2.1 Fyrirtækið skal haga nýtingu lóðar í samræmi við samþykkt skipulag. Virða skal lóðamörk og ekki geyma hluti á öðrum svæðum en fyrirtækið hefur til afnota.
- 2.2 Óheimilt er að geyma lausamuni s.s. bílhæ, bílhloti og annan úrgang á lóðum þannig að snúi að almannaþæri eða valdi slyshættu.
- 2.3 Gámum og öðrum ílátum undir úrgang skal haldið heilum og þrifalegum.
- 2.4 Búvélum, sem bíða viðgerða, skal komið snyrtilega fyrir á umráðasvæði fyrirtækisins. Sama er að segja um hráefni og búnað sem nota skal á verkstæðinu.

3. MENGUNARVARNIR

- 3.1 Óheimilt er að losa hættuleg efni og spilliefni í fráveitu.
- 3.2 Hafa skal olúgildru eða sambærilegan búnað á fráveitulögn þar sem vinna með olíur fer fram og niðurföll eru í gólfi. Stærð, gerð og staðsetning gildru skal ákveðin í samráði við heilbrigðiseftirlit og byggingafulltrúa.
- 3.3 Við olíuskipti á vélum skal notast við lokaðan búnað fyrir úrgangsolíur.
- 3.4 Halda skal notkun olíuhreinsiefna í lágmarki. Til hreinsunar á gólfum skal nota sápuefni og/eða olíuhreinsa sem hæfa olúgildrum.
- 3.5 Hafa skal reglubundið eftirlit með olúgildrum og láta viðurkenndan aðila annast tæmingar.
- 3.6 Þar sem hætta er á að fljótandi úrgangur, olíur eða olíuefni fari niður ber að hafa til reiðu búnað til upphreinsunar s.s. blautsugu, tvist eða sag.
- 3.7 Þvottur á tækjum og bifreiðum skal fara fram á svæðum með bundið slitlag og þar sem fráveita er tengd sandfangi og olúgildru eða sambærilegum búnaði.

4. SPILLIEFNI OG ANNAR ÚRGANGUR

- 4.1 Olíumenguðum jarðvegi ber að koma til viðurkenndra móttökuaðila.
- 4.2 Ganga skal frá olíusmituðum úrgangi þar til hann er fluttur til förgunar að ekki sé hætta á mengun.
- 4.3 Rafgeymar teljast spilliefni og skal skila til viðurkenndra móttökuaðila.
- 4.4 Farið skal eftir ákvæðum mengunarvarnareglugerða varðandi meðhöndlun og skil á spilliefnum eins og þau eru á hverjum tíma.
- 4.5 Flokka skal annan úrgang sem til fellur eins og reglugerðir kveða á um á hverjum tíma.
- 4.6 Úrgang skal flytja til eyðingar eða endurvinnslu. Urðun eða brennsla á úrgangi er óheimil á athafnasvæði fyrirtækisins. Endurvinnsla eða eyðing er einungis heimil á stöðum sem hafa til þess starfsleyfi. Dekkjum skal skilað reglulega til viðurkenndrar móttökustöðvar.

Hvalfjarðarsveit, 5. apríl 2019